

3. Sami kirkjueigandi heldur eignarrjetti yfir öllum ítökum hinnar gömlu kirkju, ásamt 60 hálfum Reykjum, eign hennar í heimalandi (Firði) og húsinu sjálfu, að fráskildum 21. apríl áhöldum kirkjunnar og skrauti, sem er 5—600 kr. virði, og öllu innan þilja.
4. Þær 2000 krónur, sem nefndar eru í 1. lið, greiðir kirkjueigandi til sóknarnefndarinnar þegar víska er fengin fyrir því, að kirkjan verði flutt, og brjef þetta er prentað í B-deild Stjórnartíðindanna, og verður þá hluti kirkjunnar (helmingur) í jörðinni Reykjum þegar eign hans, er hann hefur lokið nefndri greiðslu, án tillits til þess, hvort kúgildin eru útleyst eða ekki.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

## Reglur

61

*um framkvæmd á 2. og 4. grein í lögum 13. marz 1891 um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kaupúnum o. fl.* 1. maí

Til eptirbreytni fyrir alla lögreglustjóra á Íslandi utan Reykjavíkur eru hjer með samkvæmt fyrirskipan ráðgjafans fyrir Ísland í brjefi dags. 14. marz þ. á., settar eptirfylgjandi reglur fyrir útmælingum lóða til verzlunar-afnota og tilvísunum um, hvar leggja megi skipfestisáhöldum eptir 2. og 4. grein í lögum 13. marz þ. á.:

1. Enginn á heimting á því að lóð sje látin af hendi samkvæmt 2. grein laganna, nema hann ætli þá þegar að búast til að byggja á henni hús til verzlunar; aptur á móti nægir ekki, að sá, sem lóðina vill fá, að eins hafi í hyggju að reisa þar hús einhverntíma seinna, og ber því lögreglustjóra, áður en eignarnámsgjörð (expropriation) er ákveðin, að leita hjer að lútandi upplýsinga af hálfu gjörðarbeiðanda, og er það vitaskuld, að kostnaðinn við gjörðina má heimta fyrirfram greiddan.

2. Eptir almennum grundvallarreglum laganna má ekki skerða eignarrjettindi einstakra manna meira en nauðsyn frekast krefur, og leiðir af því, að ekki ber að framkvæma eignarnámsgjörð, nema ómögulegt reynist að fá með samkomulagi nægilega lóð, er fullnægi þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. grein laganna 13. marz þ. á., og eins hitt, að svo framarlega, sem með frjálsum samningum er auðið að fá lóð, sem í sjálfu sjer er notandi til að reka þar verzlun, þá ber heldur að taka hana heldur en eignarnám að gjöra, jafnvel þótt gjörðarbeiðandi gæti með því móti fengið lóð, er hann kysi heldur.

3. Lóðir, sem einstakir menn eiga, skal ekki eignarnámi taka nema því að eins, að ekki sje hægt að fá nægilega lóð og hentuga til verzlunar af jörð, sem er opinber eign eða eign sveitarfélaga, og sje um fleiri lóðir að velja, sem einstakir menn eiga og notandi eru, ber að taka þá, sem eiganda er minnstur bagi að missa.

4. Við útmælingar- og eignarnámsgjörðir skal brýna fyrir gjörðarbeiðanda og þeim, sem fyrir eignarnáminu verður, að hinn síðarnefndi sje eigi skyldur til að láta lóðina af hendi eða leyfa gjörðarbeiðanda nokkur umráð yfir henni, fyrr en endurgjaldið fyrir hana er að fullu greitt, og að sá, sem lóðina hefur átt sje ekki skyldur til að pola, að lóðin sje notuð til nokkurs annars en til þess að koma þar upp verzlun, nema til komi sjerstakir samningar.

61 5. Þegar ákveða skal endurgjaldið sbr. 50. grein stjórnarskrárinnar, ber að hafa fyrir augum ekki einungis væntanlegt söluverð lóðarspildunnar manna á milli, heldur ber og að taka sjerstakt tillit til kostnaðar, sem varið kann að hafa verið til hennar, svo og til rírnunar þeirrar á verði þess hluta, sem eptir er af eigninni, er af því leiðir, að hin fránumda lóð er tekin, þar á meðal til þess kostnaðar, sem við aðskilnaðinn getur orðið nauðsynlegt að leggja í girðingar og annað á eigninni, sem af er tekið, og yfir höfuð ber að taka tillit til alls бага og allra óþæginda, sem eignarnámið bakar eiganda, að svo miklu leyti sem það verður metið til peningaverðs, en ekki á rót sína í sjerstaklegum geðþótta eigandans eða því um líkt.

6. Þegar vísað er á stað til skipfestisáhalda ber þess að gæta, að ný áhöld sjeu ekki lögð þannig, að notkun þeirra komi í bága við notkun eldri, fastra skipfestisáhalda, sem áður hafa sett verið.

7. Það er vitaskuld, að auk þess sem að framan segir, ber að fara nákvæmlega eptir öllu því sem lögin mæla fyrir. Sjer í lagi skal ávallt við hverja gjörð lögreglustjórinn ásamt mönnum þeim, er hann kveður með sjer, eða í kaupstöðum ásamt hinum öðrum meðlimum byggingarnefndarinnar, nákvæmlega kynna sjer og íhuga tilháttan alla á þeim verzlunarstað eða kaupstað, þar sem útmælingar er beiðzt, og þess ber undantekningarlaust að gæta, að gefið sje út fyrir kall og birt með hæfilegum fyrirvara til hlutaðeigandi lóðareiganda eða umboðsmanns hans, svo og annara, er hlut eiga að máli, áður en eignarnámsgjörð fer fram, og að þeim sje gefinn kostur á að gæta rjettar síns við gjörðina og koma fram með þær athugasemdir, sem þeim pykir við þurfa.

Til þess að ályktun eða úrskurður sje gildur útheimtist vitanlega, að lögreglustjóri og menn þeir, sem hann hefur með sjer kvatt, sjeu á eitt sáttir. Gjörðina og það sem fram fer við hana ber að rita í lögreglupingbókina, eða í kaupstöðum í byggingarnefndarbókina, þar sem slík bók er haldin sjerstaklega.

Reykjavík 1. maí 1891.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

*Magnús Stephensen.*

Hannes Hafstein.

62

8. maí Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um að toll beri að greiða af sykri þrátt fyrir skemmdir við uppskipun. — I þóknanlegu brjefi, dags. 18. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að kaupmaður C. Knudsen hafi neitað að greiða toll af c. 1000 pundum af hvítasykri, sem fallið hafi í sjóinn við uppskipun á Sauðárkróki 6. f. m., og hafið þjer lýst yfir þeirri skoðun yðar, að ekki beri að greiða toll af vöru, sem er gjörsamlega skemmd áður en hún kemur í land, í samræmi við það, að ekki þarf að greiða toll af spiritus, sem lekið hefur niður á leiðinni hingað til lands, en hafið samt borið undir álit mitt, hvort þessi skilningur yðar sje rjettur.

Út af þessu skal það tekið fram, er hjer segir.

Eptir lögum nr. 10, 9. ágúst 1889, 3. gr. á að heimta tollgjaldið af kaffi og sykri eptir vöruskrá eða tollskrá skips þess, sem varan flyzt með, svo og hleðsluödlum þeim eða tilvísunarbrjefum, er snerta hina tollskylda vöru, í öllum tilfellum, þar sem ekki er sannað með öðrum skilríkjum, að hin tollskylda vara sje *meiri* en skipsskjölin tilgreina, og má ekki flytja vöruna í land fyr en ofannefnd skjöl hafa verið afhent lögreglustjóra til þess að tollurinn verði ákveðinn og innheimtur eptir þeim, og er tollur-